

SÍTÓN

SAMBAND ÍSLENSKRA TÓNBOKAÚTGEFENDA

Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Rvk.

Reykjavík, 31. ágúst 2022

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um tónlist Mál nr. 145/2022

Fyrir hönd Sambands íslenskra tónbókaútgefenda (SÍTÓN) er því fagnað innilega að ráðuneytið standi að gerð heildstæðrar tónlistarstefnu fyrir Ísland samhliða frumvarpi til nýrra laga um tónlist. Bindur félagið miklar vonir við þær breytingar sem felast í þessu framtaki.

Eftir lestur á gögnum málsins vil ég benda á nokkur atriði sem mætti breyta eða athuga nánar en vil byrja á því að taka undir tillögu Margrétar Bóasdóttur (#5) um 2 vikna viðbótarfrest til umsagnar bæði á drögum að tónlistarstefnunni og drögum að lagafrumvarpi um tónlist.

1. gr. Markmið

Hugtakið **miðlun** vantar í fyrstu mgr.

Annað hvort: „sköpun, **miðlun** og flutning tónlistar“

Eða bara: „sköpun og **miðlun** tónlistar“ (miðlun inniber flutning og útgáfu tónlistar)

3. gr. Hlutverk og helstu verkefni

Liður 3. Í stað orðsins „~~netum~~“ komi „**afurðum hennar**“ sem gerir ekki upp á milli einstakra tónlistarafurða.

Liður 6. eða 7. Er eingöngu „tónlistariðnaður“ verður rannsókna? Ætti Tónlistarmiðstöð ekki að sinna rannsóknum og tölfræði varðandi fræðslu- og safnastarf tónfræðanna? Tónlistarsafn Íslands má t.d. kallast olnbogabarn í núverandi safnaflóru. Þar bíða fjöldi grunnrannsókna úrlausnar þrátt fyrir afburða framlag stofnenda þess hingað til. Einstök sérþekking manna eins og Jónatans Garðarssonar á dægurtónlist eru á hverfanda hveli vegna áhugaleysi stofnanna sem í öðrum löndum festa slíka þekkingu í sögubækur síns lands. Hvað með tónlistarhluta bókasafna og bókasöfn tónlistarskóla? Hver á að vera bakhjarl þessara málefna ef ekki Tónlistarmiðstöð?

4. gr. Stjórn Tónlistarmiðstöðvar

Skv. frumvarpsdrögum verða 2 af 4 hagaðilum í stjórninni skipaðir fulltrúum tónlistarhöfunda (Stef + Tónskáldafélag Íslands). Hinir tveir eru fulltrúar FHF og FÍH. Skv. skýringu menningarráðuneytis er fulltrúi höfunda úr Tónskáldafélaginu í stjórninni vegna stjórnar félgsmanna TÍ á Tónverkamiðstöð, sem verður færð að öllu leyti inn undir Tónlistarmiðstöð skv. frumvarpinu. Ástæða er til að benda á að þótt Tónverkamiðstöð sé tekin í fang Tónlistarmiðstöðvar réttlætir það ekki þetta háa hlutfall höfunda á meðal hagaðila í stjórninni (50%). Hafa ber í huga að rekstur Tónverkamiðstöðvar hefur frá upphafi (1968) byggst á ríkisframlögum og án þeirra hefði sú starfsemi aldrei komist á legg. Tónverkamiðstöð hefur þannig verið ríkisrekin frá byrjun þótt rekstur og stjórn hennar hafi formlega verið á höndum félags einstaklinga úr hópi tónskálda.

Samband íslenskra tónbókaútgefenda (Sítón) er hliðstæður hagaðili við FHF og Félag ísl. bókaútgefenda. Innan félagsins eru útgefendur með margra áratuga reynslu af formlegri útgáfu tónbóka svo sem nótnasafnrita og kennslubóka fyrir íslenskan tónlistarmarkað. Nægir þar að nefna

Kaldalónsútgáfuna og Ísalög úr hópi eldri útgefenda. Sambærilega fagþekkingu og markaðsreynslu og finna má innan félagsins á sviði tónbókaútgáfu er ekki að finna í öðrum hagsmunafélögum á Íslandi. Félagið hlaut aðild að Fjöli 2013 og situr í stjórn þess félags. Á stofnári sínu, 2012, fékk félagið aðild að samtökum músíkforleggjara á Norðurlöndum og alþjóðasamtökum músíkforleggjara, ICMP.

Í ljósi ofangreindra atriða er lagt til að í stjórn Tónlistarmiðstöðvar verði bætt fulltrúa frá Sítón, m.a. til að vægi á milli hagaðila í stjórninni samræmist betur jafnræðisreglu stjórnarskrár.

6. gr. Tónlistarráð

Skv. greinargerð um 6. gr. frumvarpsins eru tilgreindir hagaðilar á „hagaðilalista“ ráðuneytisins. Samband ísl. tónbókaútgefenda (Sítón) er ekki tilgreint á þessum hagaðilalista. Í ljósi umsagnar um 4. gr. frumvarpsins þar sem hlutverki og stöðu Sítón er lýst er eindregið hvatt til að ráðuneytið bæti Sítón á „hagaðilalista“ sinn þannig að það fái fulltrúa í tónlistarráði.

7. gr. Tónlistarsjóður

Í frumvarpsdrögum skiptist Tónlistarsjóður í 4 áhersludeildir. Af þeim er ein ætluð frumsköpun og útgáfu sem skv. greinargerðinni „*veitir styrki til frumsköpunar höfunda, nýrra hljóðrita, nótnaútgáfu og markaðssetningu innanlands á frumsköpun og útgáfuverkefnum*“.

Af textanum er ekki ljóst hvort styrkir deildarinnar verði bundnir í öllum liðum upptalningarinnar við ný, frumsamin verk eða hvort úrvinnsla afurða á eldri verkum sé einnig styrkhæf (umritun, kórútssetning, hljóðritun, nótnasetning, útgáfa, markaðssetning). Verða verkefni eins og safnrítið Gleðibankabókin eða Sígild sönglög styrkhæf? Yrði skilyrði að eingöngu íslensk lög væru í bókinni? Hvað með útgáfu tónbóka sem eru á mörkum tónverkarits og fræðslu- eða fræðarits svo sem greiningarúttekt á 10 lögum eftir Gunnar Þórðarson? Yrði vinna við kórútssetningu á lögum Ólafs Gauks styrkhæf? Mögulegt væri að skýra nánar viðfang hvers liðar í upptalningunni til að eyða óvissu um hvaða verkefni koma til greina fyrir umsækjendur. Frá sjónarhóli tónbókaútgefenda (Sítón) ættu öll ofantöld dæmi að vera styrkhæf. Æskilegt er að umsóknarreglur Tónlistarsjóðs kveði fremur skýrt á um styrkhæfar gerðir verkefna eða veiti öllum móttöku.

Varðandi útflutningsstyrki er mikilvægt að vita hvort eingöngu umsóknir vegna tónleikahalds erlendis verði styrkhæfar. Útgefendur tónbóka hafa í núverandi styrktarsjóðum, þ.m.t. Tónlistarsjóði, ekki verið styrkhæfir til erlendra markaðssóknar og væri mikið framfaraskref ef þeirri útilokun yrði hætt í nýjum Tónlistarsjóði.

Virðingarfyllt,

Gylfi Garðarsson
formaður SÍTÓN